Qualified Electronic Signature
SVERRIR AÐALSTEINN JÓNSSON
2023-09-05 08:54:58 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
AXEL BENEDIKTSSON
2023-09-05 09:04:22 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 4. september 2023
UST202307-239/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 - Breyting á stefnu fyrir landbúnaðarsvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 20. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna breytingar á stefnu fyrir landbúnaðarsvæði í sveitarfélaginu.

Í erindinu kemur fram að sett verður fram skýrari stefna um heimildir á landbúnaðarsvæðum til þess að tryggja hagkvæma og skynsamlega nýtingu, gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu, uppbyggingu hagað þannig að núverandi innviðir séu nýttir betur og ný íbúðarhús verði ekki úr alfaraleið.

Rask á verndarsvæðum

Í greinargerð segir að við byggingu mannvirkja og aðrar framkvæmdir skuli forðast að raska verndarsvæðum og tryggja að þar verði ekki um mengun að ræða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging mannvirkja rýri ekki verndargildi svæða sem eru á náttúruminjaskrá. Auk þess er mikilvægt að stefnan sé í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Rask á votlendi

Í greinargerð segir að forðast skuli alla mannvirkjagerð, sem kunni að raska vatnabúskap, votlendi eða vistgerðum flóa, án heimildar sveitarstjórnar.

Umhverfisstofnun telur það vera óljóst hvað átt er við og af hvaða tilefni sveitarstjórn geti veitt heimild til rasks á vatnabúskap, votlendi eða vistgerðum flóa. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlunin sé í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um vernd votlendis og markmið vatnalaga og vatnaáætlunar.

Umhverfismatsskýrsla

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað sé um, undir umhverfisþáttum, áhrif breytinganna á vatnamál, landslag, ásýnd og jarðmyndanir.

Vatnamál

Vegna vatnsaflsvirkjana vill Umhverfisstofnun benda á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn). Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Því er nauðsynlegt að undir umhverfisviðmið í töflu 4. komi lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Vernd - Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá

Í töflu 4. undir umhverfisþáttinn *vernd* þarf náttúruminjaskrá að vera umhverfisviðmið.

Áhrif á verndarsvæði

Í kafla 6.3 segir: Áhrif á vernd eru óveruleg ef farið er að skilmálum fyrir verndarsvæði og tekið tillit til fornminja og helgunarsvæðis þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið skýri þennan þátt betur. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að stefnan og áætlunin fari eftir skilmálum fyrir verndarsvæði, stefnan gangi ekki gegn og rýri verndargildi verndarsvæða og stefnan sé í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Afmörkun á aðalskipulagsuppdrætti

Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið að nota tækifærið til að afmarka landbúnaðarland nánar og skýrar á aðalskipulagsuppdrætti samhliða breytingunni á skilmálunum.

Einnig segir að *á aðalskipulagsuppdrætti er tvenns konar flokkun lands; gott ræktunarland og landbúnaður. Ekki er gerð breyting á sveitarfélagsuppdrætti og því halda þessir flokkar sér óbreyttir á uppdrætti.* Umhverfisstofnun telur fullt tilefni til endurskoðunar á uppdrættinum samhliða þessum stefnubreytingum þar sem núverndi „gott ræktunarland" nær til votlendis á mörgum stöðum og ætti því að skilgreina frekar sem „landbúnaðarland".

UMHVERFIS STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri